

Samstarfssamningur Vesturbyggðar og Héraðssambandsins Hrafna-Flóka (HHF)

Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, og Héraðssambandsins Hrafna-Flóka (HHF), kt. 630893-2169, Pósthólf 40, 450 Patreksfirði, gera með sér svofelldan samstarfssamning til að efla íþróttastarf í sveitarfélaginu.

1. gr. Markmið og verkefni

Markmið samningsins er að:

- efla og viðhalda öflugu, fjölbreyttu og aðgengilegu íþrótt- og tómstundastarfi í Vesturbyggð
- tryggja börnum, ungmennum og almenningi jafnan aðgang að skipulögðu starfi óháð búsetu og aðstæðum
- styðja við faglegt og uppbyggilegt starf aðildarfélaga HHF
- efla heilsu, forvarnir, félagslega þátttöku og vellíðan íbúa
- stuðla að samfelli milli skóla-, íþrótt- og félagsstarfs
- styrkja samstarf og samráð Vesturbyggðar og HHF

Helstu verkefni samningsins:

1. *Samráð og samstarf*
 - a. Virkt samtal og samráð um íþrótt- og lýðheilsumál skal tryggt með reglubundnum samráðsfundum Vesturbyggðar og HHF. Halda skal tvo fasta fundi árlega með fjölskylduráði, í apríl og september, og einn fund með bæjarráði að hausti í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. HHF skal jafnframt eiga áheyrnarfulltrúa í fjölskylduráði þegar málefni íþrótt og lýðheilsu eru til umfjöllunar.
2. *Sameiginleg málsmeðferð íþróttamála*
 - a. Vesturbyggð leitast við að taka ekki til formlegrar umfjöllunar erindi sem varða íþrótt- og tómstundamál á héraðsvísu nema þau berist í gegnum stjórn HHF eða í samráði við hana.
3. *Stuðningur við starf aðildarfélaga*
 - a. HHF aðstoðar aðildarfélög sín við að bjóða upp á öflugt íþrótt-, afreks-, tómstunda- og félagsstarf. Framkvæmdastjóri HHF starfar í umboði stjórnar HHF og vinnur að framgangi þeirra verkefna sem stjórnin ákveður.
4. *Samskipti vegna framkvæmdar samningsins*
 - a. Tómstundafulltrúi Vesturbyggðar kemur fram fyrir hönd sveitarfélagsins varðandi framkvæmd samnings þessa og annast reglubundið samráð og samskipti við HHF vegna hans.
 - b. Stjórn HHF boðar tómstundafulltrúa Vesturbyggðar til reglubundins samráðsfundar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Á fundunum skal fara yfir stöðu íþrótt- og tómstundamála í sveitarfélaginu og tryggja gagnkvæma upplýsingagjöf um verkefni, áætlanir og áherslur beggja aðila.

2. gr. Hlutverk aðila

Hlutverk HHF er:

- að styðja og samræma íþrótt- og tómstundastarf á sambandssvæðinu
- að halda utan um upplýsingar um starfsemi og miðla þeim til sveitarfélagsins
- að styðja aðildarfélög við faglegt og uppbyggilegt starf
- að eiga reglulegt samráð við Vesturbyggð um þarfir, áherslur og þróun starfseminnar
- að ráðstafa styrkjum og framlögum samkvæmt gildandi reglum
- að skila ársskýrslu samkvæmt samningi þessum
- að viðhalda stefnum og viðbragðsáætlunum sem gilda um starfsemina

Hlutverk Vesturbyggðar er:

- að styðja starf HHF fjárhagslega samkvæmt samningi þessum
- að leggja til og viðhalda íþróttamannvirkjum og búnaði til starfseminnar
- að hafa tómstundafulltrúa sem tengilið samningsins
- að taka þátt í reglubundnu samráði við HHF
- að tryggja fyrirsjáanleika í fjárframlögum

3. gr. Yfirlit yfir styrki og fjárstuðning

Styrkir og fjárstuðningur Vesturbyggðar til HHF verði tryggðir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert og að ekki verði dregið úr þeim nema með formlegu samráði við HHF. Fjárhagslegur stuðningur Vesturbyggðar við HHF og aðildarfélög þess verður með eftirfarandi hætti, á ári miðað við verðlag 2026:

- *Fjárstyrkir:*
 - Framlag í Verkefna- og búnaðarsjóð HHF kr. 2.100.000
- *Styrkir í formi afnota af húsnæði:*
 - Rekstrarkostnaður í formi leigu á íþróttamannvirkjum kr. 6.400.000

4. gr. Verkefna- og búnaðarsjóður Stefáns Jóhannesar Sigurðssonar

Vesturbyggð leggur fram árlegt framlag í Verkefna- og búnaðarsjóð Stefáns Jóhannesar Sigurðssonar, sem starfræktur er á vegum HHF. Framlagið kemur í stað rekstrarstyrkja sem sveitarfélagið veitti áður beint til aðildarfélaga HHF.

Markmið sjóðsins er að styðja við íþrótt- og tómstundastarf í Vesturbyggð með styrkjum til verkefna, búnaðarkaupa, fræðslu og annarra aðgerða sem efla starfsemi aðildarfélaga og þátttöku í íþróttum. Skal sjóðurinn nýttast aðildarfélögum með sambærilegum hætti og fyrri rekstrarstyrkir, auk þess að gera kleift að styðja við ný og sameiginleg verkefni.

Um starfsemi sjóðsins, skipan stjórnar, úthlutun styrkja og framkvæmd gilda reglugerð sjóðsins, reglur um stjórn hans og úthlutunarreglur sem fylgja samningi þessum sem fylgiskjöl.

5. gr. Húsaleigu- og æfingastyrkir

Vesturbyggð úthlutar æfinga- og notkunartímum til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um. Afnot tímanna teljast húsaleigu- og æfingastyrkir frá Vesturbyggð til viðkomandi íþróttafélaga og skulu vera færðir í bókhald aðildarfélaga sem slíkir.

Styrkveitingin nær til íþróttafélaga sem eru fullgildir aðilar að HHF og tekur til æfinga barna og unglunga samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ, auk meistaraflokka karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum sem taka þátt í Íslandsmóti.

Miðað er við að Vesturbyggð greiði að fullu kostnað vegna æfingaaðstöðu þeirra félaga sem reka barna- og unglingastarf innan þess ramma sem úthlutun nær til hverju sinni. Þetta á við um þau íþróttamannvirki og þann búnað sem Vesturbyggð á og rekur.

Félög sem ekki reka barna- og unglingastarf eða eru ekki fullgildir aðilar að HHF skulu sækja sérstaklega um afnot og styrk. Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs metur styrkhæfi slíkra umsókna hverju sinni.

6. gr. Forgangur að íþróttamannvirkjum

Vesturbyggð hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur leik- og grunnskóla Vesturbyggðar, íþróttaskóla og eldri borgara. Almenna reglan er að sveitarfélagið hafi fyrsta forgang, svo íþróttafélög og svo eru almennir tímar. Barna- og ungmennastarf skal njóta forgangs við úthlutun æfingatíma. Hliðra skal til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

7. gr. Faglegt, öruggt og ábyrgt íþrótt- og tómstundastarf

HHF og aðildarfélög þess skulu standa að faglegu, öruggu og uppbyggilegu íþrótt- og tómstundastarfi í samræmi við lög, reglur og viðmið íþróttahreyfingarinnar. Leitast skal við að tryggja sem flestum tækifæri til þátttöku og að starf barna og ungmenna sé samræmt skólastarfi eftir því sem kostur er. Jafnframt skal lögð áhersla á að efla þátttöku fullorðinna í félagsstarfi og almenningsíþróttum.

Aðildarfélög skulu starfa í samræmi við gildandi stefnur og áætlanir HHF um fræðslu, forvarnir, jafnrétti, umhverfismál og viðbrögð við áföllum, sem skulu vera aðgengilegar á heimasíðu HHF.

Leiðbeinendur og þjálfarar skulu hafa viðeigandi þekkingu eða menntun. Við ráðningu skal fylgja leiðbeiningum Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og gera skriflegan samning við viðkomandi. Óheimilt er að fela aðilum sem hlotið hafa refsíðmál samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 á síðastliðnum fimm árum störf með börnum og ungmennum. Allir sem starfa með börnum skulu framvísa hreinu sakavottorði samkvæmt reglum um æskulýðsstarf.

8. gr. Kynning á samningi

Stjórn HHF skal sjá til þess að samningurinn verði kynntur fyrir stjórnnum félaga innan HHF, þjálfurum og staðgenglum þeirra í samráði við Vesturbyggð og fyrir hans hönd. Vesturbyggð skal ábyrgjast kynningu samningsins við starfsmenn íþróttamannvirkja og annarra hlutaðeigandi. Kynningin skal fara fram eftir undirskrift samningsins eða eins fljótt og auðið er.

9. gr. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2026 til 31. desember 2029.

Vesturbyggð skal tryggja að fjárframlög samkvæmt 3. gr. séu tekin til greina í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert á gildistíma samningsins.

Árleg fjárframlög samkvæmt samningi þessum skulu taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá mars 2026.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á gildistímanum óskað eftir endurskoðun samningsins í heild eða að hluta. Beiðni um endurskoðun skal vera skrifleg.

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með sex mánaða skriflegum fyrirvara.

10. gr. Önnur ákvæði

Komi upp ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu aðilar fyrst leitast við að leysa málið með samráði. Takist það ekki skulu aðilar leita aðstoðar óháðs aðila til sáttamiðlunar áður en mál er lagt fyrir dómstóla. Rísi dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Patreksfirði, 11. mars 2026

F.h. Héraðssambandsins Hrafna-Flóka

F.h. Vesturbyggðar

Birna Friðbjört S. Hannesdóttir
Formaður

Gerður Björk Sveinsdóttir
bæjarstjóri

Fylgiskjöl:

[Reglugerð um Verkefna- og búnaðarsjóð Stefáns Jóhannesar Sigurðssonar](#)

[Reglur um stjórn Verkefna- og búnaðarsjóðs SJS](#)

[Úthlutunarreglur Verkefna- og búnaðarsjóðs SJS](#)